



**Skrefin**

**7**

LEIKSKÓLINN ÁLFAHEIÐI

---

# Verklagsreglur til verndar börnum

Forvarnarstefna og viðbrögð vegna gruns um líkamlegt,  
andlegt og kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum

# Verklagsreglur til verndar börnum – Forvarnarstefna og viðbrögð vegna gruns um líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnu

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

## 19. grein Vernd gegn ofbeldi og vanrækslu

Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi, misnotkun, skeytingarleysi og vanrækslu, innan eða utan heimilis. Stjórnvöld skulu veita börnum sem sætt hafa illri meðferð og fjölskyldum þeirra

viðeigandi stuðning.

---

Sigríður Kristín Sigurðardóttir  
Elísabet Eyjólfsdóttir

---



## Gerðu þér grein fyrir staðreyndunum og áhættuþáttum

*Þeir sem misnota börn kynferðislega dragast að stöðum þar sem líklegt er að þeir komist í návígi við börn; s.s. í íþróttafélögum, trúarstarfi, ungmennabreyfingum, tómstundastarfi og skólum.*

### Starfsaðferðir leikskólans:

- Kannað er sakavottorð allra sem vinna í leikskólanum.
- Öllu starfsfólki ber skilda til að sækja forvarnar og fræðslunámskeiðið **Verndarar barna – fullorðnir sem vernda börn gegn kynferðislegri misnotkun**. Með því teljum við starfsfólk okkar hæfara til þess að hlusta og horfa eftir einkennum ofbeldis hjá börnum. Einnig teljum við að starfsfólkið verði kjarkmeira og öðlist meira sjálfsöryggi til að takast á við vandamál kunni þau að koma upp.
- Starfsfólk er meðvitað um staðreyndir. Að ein af hverjum fimm stúlkum og einn af hverjum tíu drengjum á Íslandi eða 17% íslenskra barna verða fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur. Að eitt af hverju fjórum þessara barna var sex ára eða yngra þegar ofbeldið hófst. (Rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur 2002). Gerandinn er í 89% tilfella í nærumhverfi barnsins. (Ráðstefna á vegum Blátt áfram maí 2011, Ólöf Ásta Farestveit, uppeldis- og afbrotafraeðingur, forstöðumaður Barnahúss).






## Fækkaðu tækifærunum

*Meira en 80% af kynferðislegri misnotkun á sér stað í aðstæðum þar sem aðeins er einn fullorðinn og eitt barn.*

### Starfsaðferðir leikskólans:

- Í leikskólanum eru að lágmarki tveir starfsmenn á vakt í byrjun og lok dags.
- Allt rými í leikskólanum er mjög opið og aðgengilegt, gluggar eru á öllum lokanlegum rýmum; s.s. sérkennsluherbergi og salernum.
- Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfinu og þurfa ekki að gera boð á undan sér.





## Talaðu um það

*Börn halda oft misnotkun leyndri – en hægt er að fá þau til að rjúfa þögnina með því að tala ópinskátt um þessi málefni.*

*Skildu af hverju börn segja ekki frá.*

*Lærðu hvernig börn tjá sig.*

*Talaðu ópinskátt við barnið þitt.*

### **Starfsaðferðir leikskólans:**

- Daglegt starf í leikskólanum byggir á því að gera börn örugg og styrkja sjálfsmynd þeirra. Börnin eru hvött til að tjá hugsanir sínar og tilfinningar, sem og að hlusta á aðra. Ekki er nóg að segja barni að segja frá ef barnið hefur ekki þá tilfinningu að á það sé hlustað.
- Starfsfólk leikskólans telur því mikilvægt að hlusta með athygli á börn þegar þau koma með sín ágreiningsefni, þakka þeim fyrir, og hjálpa þeim að leysa málin. Ekkert er svo lítilvægt að við tökum ekki mark á því.
- Starfsfólk hefur tamið sér að nota rétt orð um kynfæri. Þíka er þíka og typpi er typpi.
- Börnum fært vald – Börn mega og geta sagt nei.
  - Dæmi: Í jókastund spyr kennarinn hvort hann megi nudda fætur barnsins eða hvort hann megi gera sól á bakið, er þetta gert meðvitað af kennara til þess að barnið finni að það ræður hvort komið sé við það eða ekki. Það hefur vald yfir sínum líkama. Mjög mikilvægt er að barnið upplifir að kennarinn virði þau mörk sem barnið setur. Með því lærir barnið að setja öðrum mörk gagnvart sér og virða mörk annara.
- Í september og apríl teikna börnin sjálfsmyndir þar sem þau tjá tilfinningar og skoðanir sínar. Líðan og tilfinningar okkar ræddar. (sjá viðauka 1)

**LEIKSKÓLINN ÁLFAHEIÐI  
VERKLAGSREGLUR TIL VERNDAR BÖRNUM**

- Bókin *Þetta eru mínir einkastaðir* lesin fyrir eldri börnin og rædd í framhaldi af því.
- Bókin *Þetta er líkaminn minn* lesin fyrir yngri börnin og rædd í framhaldi af því.
- Í febrúar er teiknimyndin *Leyndarmálið* sýnd elstu börnum leikskólans, börnin vinna verkefni tengd myndinni.
- Í nóvember ár hvert er í leikskólanum lestrarátak sem er samvinnuverkefni leikskólans og foreldra, en verkefnið nefnist *Lesum saman*. Foreldrum og börnum gefst þá kostur á því að velja sér bækur á leikskólanum og lesa heima. Í lok verkefnisins er elstu börnum leikskólans gefin bókin *Þetta eru mínir einkastaðir*. Foreldrar eru hvattir til að lesa bókina með börnum sínum.
- Í tengslum við jólin er börnum kennt að til eru bæði góð og vond leyndarmál. Með góðu leyndarmálin líður manni vel, eins og til dæmis jólapakkinn til mómmu og pabba. Mamma og pabbi opna pakkann á jólnum og sjá leyndarmálið. En það eru líka til leyndarmál sem ekki eru góð, og þá líður manni illa. Til dæmis ef barni er gefið sælgæti eða peningar og því sagt að það sé leyndarmál og ekki megi segja frá. Við hvetjum börnin til að segja frá.





## Vertu vakandi

*Ekkí bíast við að merkin séu augljós hjá barni sem satir kynferðislegri misnotkun. Merkin eru oft til staðar en þú þarft að koma auga á þau.*

### Starfsaðferðir leikskólans:

- Eftir að starfsfólk hefur setið námskeiðið Verndarar barna, er starfsfólk vel upplýst um þau einkenni sem börn geta sýnt er verða fyrir kynferðislegu ofbeldi, bæði líkamleg og andleg einkenni.
- Líkamleg einkenni hjá börnum geta verið m.a.:
  - Roði, rispur og bólga í kringum kynfæri.
  - Marblettir, rauðir blettir í kringum kynfæri, endaþarm eða munn.
  - Verkir í kringum kynfæri, endaþarm eða munn.
  - Vont að pissa.
  - Þvagfærasýkingar, útfærð.
  - “Krónískur” maga- eða höfuðverkur.
  - Líkamleg einkenni geta horfið á 48 tímum.
- Andleg einkenni hjá börnum geta verið m.a.:
  - “Of fullkomin” hegðun.
  - Skyndileg breytt hegðun t.d. hlédrægni, þunglyndi.
  - Óskýranleg reiðiköst, mótþrói og uppreisn.
  - Kynferðisleg hegðun og talsmáti sem er í engu samræmi við aldur barnsins.
  - Talar um sig í neikvæðum og niðrandi tón.

**LEIKSKÓLINN ÁLFAHEIÐI  
VERKLAGSREGLUR TIL VERNDAR BÖRNUM**

Starfsfólk er meðvitað um að einkenni ofbeldis eru ekki alltaf sjáanleg, því er starfsfólk vel vakandi fyrir frásögnum barna og fylgja þeim eftir.

Dæmi úr raunveruleikanum, sem sýnir vinnu árvökuls stafsmanns:

Í matartíma segir drengur frá því að stundum sé maður að gefa honum nammi. Starfsmaðurinn spyr þá barnið hvaða maður þetta sé. Drengurinn segir að hann viti ekki hvað hann heiti. Starfsmaðurinn spyr þá barnið, hvað mamma og pabbi hans segi við því, að einhver maður sé að gefa honum nammi. Drengurinn segir að mamma hans og pabbi viti ekki af því.

Starfsmaðurinn gerir sér grein fyrir því að þarna e eitthvað sem þurfi að kanna nánar.

Starfsmaðurinn lætur deildarstjóran vita af þessari frásögn drengsins.

Í framhaldi af því voru foreldrar látnir vita af frásögn drengsins.








## Búðu þér til áætlun

*Kynntu þér hvert þú átt að leita, í hvern þú átt að bringja og hvernig þú átt að bregðast við.*

### Starfsaðferðir leikskólans:

- Ef grunur vaknar um ofbeldi gagnvart barni er barnið látið njóta vafans og grunsemdir kannaðar.
- Ef barn segir starfsmanni frá ofbeldi, er mjög mikilvægt:
  - Að starfsmaðurinn haldi ró sinni.
  - Að starfsmaður hrósi barninu fyrir hugrekið að segja frá.
  - Að starfsmaður spyrji opinna spurninga s.s.:
    - Hvað er það?
    - Viltu segja mér meira?
  - Að starfsmaðurinn noti upptökutæki hafi hann tæk á því, ef ekki skráir hann viðtalið strax að því loknu.
- Í leikskólanum starfar sterk liðsheilð þar sem fagmennska er höfð að leiðarljósi. Veittur er stuðningur við starfsfólk ef grunsemdir vakna hjá starfsmanni um ofbeldi á barni.
- Samkvæmt barnaverndarlögum er leikskólanum skylt að tilkynna grun um ofbeldi eða vanrækslu til Barnaverndaryfirvalda / Félagsþjónustu Kópavogs s. 570 - 1500. Sími bakvaktar eftir lokun vegna neyðartilvika er 862 – 5975.
- Neyðarlínan **112** gefur samband við barnaverndaryfirvöld að nóttu sem degi.





## Fylgdu grunsemdum eftir

*Framtíðavæðing barnsins er í hálf.*

### Starfsaðferðir leikskólans:

- Í 16. og 17. gr. barnverndarlaga nr. 80/2002 er skýrt kveðið á um tilkynningarskyldu almennings auk tilkynningarskyldu þeirra sem afskipti hafa af börnum stöðu sinnar eða starfa vegna.

16. gr.

*Tilkynningarskylda almennings.*

Hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik sem telja má að hún eigi að láta sig varða.

17. gr.

*Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.*


Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Tilkynnt er í nafni leikskólans

- Tilkynna ber um:
  - Líkamlega og andlega vanörvun og vanrækslu.
  - Líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi.
  - Vímuefnaneyslu foreldra.
  - Ung börn skilin eftir gæslulaus eða í umsjá annara barna.
  - Heilsugæslu ekki sinnt þótt um vanheilsu sé að ræða.
  - Leiðbeiningum vegna gruns um frávik í þroska ekki sinnt.
  - Tíð smáslys sem hægt hefði verið að fyrirbyggja.
  - Endurtekna áverka sem barnið á erfitt með að útskýra.
  - Lélegan fatnað sem hentar illa aðstæðum.
  - Ítrekaða óreglu á mætingum eða barnið er ítrekað sótt of seint eða það gleymist að sækja barnið.
- Tilkynna ber ef um viðvarandi ástand er að ræða eða ítrekaða atburði og leiðbeiningar starfsmanns leikskólans til forráðamanna um úrbætur hafa ekki bætt aðstæður barnsins.
- Ef grunur vaknar hjá starfsmanni um einhver ofangreind atriði ber starfsmanni að tilkynna það leikskólastjóra/deildarstjóra. Mikilvægt er að skrá atvikið niður.
  - Leikskólastjóri getur leitar ráðgjafar hjá Félagsþjónustu Kópavogsbæjar.
  - Ef leikskólastjóri metur aðstæður þannig að taka eigi málið í formlegt ferli er það gert með tilkynningu til barnaverndaryfirvalda.
  - Foreldrar eru boðaðir á fund í leikskólann þar sem leikskólastjóri og deildarstjóri gera þeim grein fyrir tilkynningunni.
  - Foreldrum er sýnt afrit af bréfi sem sent verður barnayfirvöldum.
  - Ef grunur leikur á að foreldrar eigi hlut að máli tilkynnir leikskólastjóri það barnaverndarnefnd Kópavogs tafarlaust.
- Aldrei má láta barn yfirgefa leikskólann með foreldri/forráðamanni sem er undir áhrifum vímuefna. Starfsmanni ber að tilkynna það strax til deildarstjóra/leikskólastjóra. Deildarstjóri/leikskólastjóri kalla foreldrið til sín á skrifstofu. Félagsþjónustu Kópavogsbæjar er gert viðvart.





## Gerðu eitthvað í málinu

*Leggðu þitt af mörkum með því að bjóða fram krafta þína.*

### Starfsaðferðir leikskólans:

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.

Í 19. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um vernd gegn ofbeldi og vanrækslu segir að börn eigi rétt á vernd gegn hvers kyns líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi, misnotkun, skeytingarleysi og vanrækslu, innan eða utan heimilis.

Starfsfólk leikskólans hefur tekið þá meðvitun að ákvörðun að vernda börn gegn ofbeldi og takast á við ofbeldi af hugrekki og ábyrgð. Meðal annars með því að fyrirbyggja, þekkja og bregðast við kynferðislegri misnotkun barna.

Þá hefur leikskólastjóri ásamt einum deildastjóra leikskólans settið leiðbeinandanámskeið samtakanna Blátt áfram og hafa þar með hlotið réttindi til að leiða forvarnarnámskeið samtakanna. Námsfnið Verndarar barna er sérhannað fyrir stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök sem þjóna börnum og unglingum – sem og einstaklingum sem bera ábyrgð á umönnun og verndun barna; sínum eigin eða annarra.

